

Kennari: Renata Agnes Edwardsdóttir

Tímafjöldi: 3 x 80 mín. á viku í 5 vikur

Kennslufyrirkomulag: Smiðjur (*Sambætting myndmenntar við náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, lífsleikni, tónmennt og heimspeki*).

Bekkur: 6. bekkur

Myndmennt - sjónlistir

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileika ásamt því að vinna að áhugasviði sínu og tengja við áhugasvið annara. Þannig ná nemendur að þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og kynnast eigin hæfileikum.

Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunni og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur á margvíslegan hátt, næra ímyndunarafl og efla fegurðarskyn. Listupplifun opnar farveg til að skoða og meta eigin gildi og viðhorf, á beinan eða óbeinan hátt, út frá margvíslegum leiðum og miðlum. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum og einnig persónuleg gildi, s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi.

Myndmennt - sjónlistir

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið Nemandi:	Leiðir:
Formfræði, lítafræði og myndbygging - Frumþættir myndlistar, líta og formfræði - Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum - Klippimyndir og blönduð tækni Tækni - Teikning, skissuvinna, mynstur, litur, málverk, áferð hluta	Bækur og myndefni: Kennslubækur: „Myndmál listamanna“, „Myndmennt I, og II“, „Heimur Litanna“, listasögubækur „Listasaga – Frá hellalist til 1900“ og „Listasaga Fjölva 1-3, veraldavefur Efni og litir: pappír í ýmsum stærðum, gerðum og litum, karton, bylgjupappír, pappír, leir, tré- og vaxlitir, ýmis efni sem við finnum í	- Þekki litahringinn, frumliti og andstæðu litina - Þekki sexlitahringinn - Geti beitt mismunandi litatónum - Geti nýtt sér ólíkar útfærslur línuteikningar - Þekki forgrunn, miðrými og bakgrunn - Þekki hugtökin neikvætt og jákvætt rými - Geti nýtt sér skissuvinnu sem	- Innlögn kennara og sýnikennsla (sjónrænar kveikjur), PP kynningar og myndbönd. - Umræður og vinnsla út frá þeim í hópum eða einstaklingsvinna. - Tilraunavinna og unnið með nýtingu á hlutum (endurvinnslu)

<p>Listrýni</p> <ul style="list-style-type: none"> - Mynd út frá sögu - Teikna eftir tónlist og tilfinningum - Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt - ákveðnar listastefnur og listamenn <p>Umgengni</p> <ul style="list-style-type: none"> - Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði 	<p>náttúrunni, túss- og þekjulistir, vatns- og akrýllitir ofl.</p> <p>Áhöld og tæki: Blýantar, pennar, svampar, skapalón, skæri, reglustikur, teikniborð, penslar, leiráhöld, blöndunarbakkar ofl.</p>	<p>eðlilegan hlut af vinnuferli</p> <ul style="list-style-type: none"> - Geti breytt tvívíðu formi í þrívítt - Geti lýst munnlega skoðun sinni á myndverki - Hafi kynnst ákveðnu listatímabili vel - Gengur vel um og sýnir ábyrgð og nærgætni í myndmenntastofunni 	
---	---	---	--

Námsmat:

Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans.